

til greina kröfur málsaðila um það, að beitt sé sektum fyrir óþarfa málsýfingu.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn skal vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dóminum skal fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagri lagaaðför.

Nr. 7/1906: Chr. Fr. Nielsen verzlunarerindreki
 gegn
 Oddi Gíslasyni málsfærslumanni
 f. h. Victor E. Juhl.

D ó m u r :

Árið 1904 var áfryjandinn, Chr. Fr. Nielsen, verzlunarerindreki fyrir stefnda, Victor E. Juhl, stórkaupmann í Khöfn, og var það hlutverk hans, sumpart að hafa vörur á boðstólum fyrir Juhl hér á landi, sumpart að útvega honum viðskiftamenn íslenzka í Khöfn. Þegar áfryjandi haustið og veturinn 1904 gjörði reikningsskap fyrir umboðsmensku sinni, vildi stefndi eigi kannast við að reikningar þeir væru réttir, og taldi til skuldar hjá áfryjanda að upphæð 252 kr. 67 a. Þar sem áfryjandi eigi vildi greiða upphæð þessa, höfðaði stefndi mál á móti honum fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur, og var

máli því ráðið til lykta með dómi bæjarþingsins uppkveðnum 4. jan. þ. á., á þá leið, að Chr. Fr. Nielsen á að greiða yfirréttarmálsfærslumanni Oddi Gíslasyni fyrir hönd Victor E. Juhl 249 kr. 67 a. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og 20 kr. í málskostnað.

Dómi þessum hefir verzlunarerindreki Chr. Fr. Nielsen skotið til yfirdómsins með stefnu útg. 6. febr. þ. á. og krafist þess, að hann verði algjörlega sýknaður í málinu og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum. Af sinni hálfu hefir stefndi, Oddur málflutningsmaður Gíslason fyrir hönd stórkaupmanns Victor E. Juhl krafist þess, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Samningur sá, sem málsaðilar gjörðu með sér um verzlunarerindarekstur áfrýjanda, var aðeins munnlegur, en þeir eru sammála um aðalatriði samningsins, svo sem að áfrýjandi skyldi útvega kaupendur að vörum stefnda, bæði á Íslandi og í Khöfn, að hann skyldi fá að launum 8% af verði þess varnings, er hann útvegaði kaupendur að á Íslandi, en 5% af verði þess varnings, er seldist í Khöfn fyrir hans milligöngu; hann skyldi bjóða vörurnar fram til sölu með venjulegu söluverði stefnda að viðbættum 10%, sem hann þó mátti slá af verðinu, ef honum þætti þess þörf, til þess að vörurnar gengi út; áfrýjandi átti sjálfur að kosta ferðir sínar. Ofanefnd sölulaun, 8% af varningi þeim, er seldist á Íslandi, tjáði stefndi sig fúsan til að hækka upp í 10%, og þannig hefir hann talið sölulaunin í reikningi sínum. Um nokkur önnur atriði samnings-

ins eru málsviðeigendur ósammála, og af því stafar það sem í milli ber í reikningum þeirra, þar sem áfryjandi telur sig skuldlausan við stefnda. Stefndi hefir miðað skuldakröfu sína við reikninga áfryjanda sjálfs, og eru það eftirfarandi liðir í þeim, sem hann eigi telur rétta og héraðsdómarinn hefir hrundið samkvæmt kröfu hans.

Áfryjandi færir stefnda til útgjalda 84 kr. 39 a., sem kostnað við flutning á sýnishornum og burðargjald (Porto); undirdómarinn hefir fallist á það, að burðargjald sé réttilega fært stefnda til útgjalda, og talið það 3 kr., og er nú enginn ágreiningur um það. En eftir dómi undirréttarins á flutningskostnaðurinn á sýnishornunum, sem eftir því verður 81 kr. 39 a., að lenda á áfryjanda. Eins og áður er getið, átti áfryjandi að kosta ferðir sínar, en þar af leiðir alls eigi það, að hann hafi einnig átt að kosta af eigin fé flutning á vörusýnishornunum. Hér er um vörur stefnda að ræða, og það virðist liggja beinast við, að hann greiði kostnaðinn við flutning þeirra, úr því að eigi hefir beint verið öðruvísi um samið. Hitt virðist óeðlilegra, að áfryjandi eigi að greiða kostnað þennan af ómakslaunum sínum, eða hundraðsgjaldi því, sem honum var áskilið af seldum vörum. Það verður því að álíta, að áfryjanda hafi verið heimilt að leggja þennan kostnað á stefnda, úr því að stefndi eigi hefir sannað, að öðruvísi hafi verið um samið.

Annað ágreiningsatriðið í málinu er það, að áfryjandi hefir í reikningi sínum talið stefnda til útgjalda 10% af vörum þeim, sem hann hefir selt hér á landi, alls 560 kr. 94 a., svo sem rabat eða afslátt á vörum, en þessa upphæð hefir hann, samkvæmt því sem segir í reikningnum sjálfum, eigi greitt kaupendunum.

Helming upphæðarinnar, 280 kr. 47 a., hefir hann svo aftur fært stefnda til inngjalda. Eftir samningi málsaðilanna verður eigi álitid, að áfrýjandi hafi haft rétt til að reikna sér til tekna þessa niðurfærslu á vöruverðinu, er hann eigi lét kaupendurna verða aðnjótandi, og það verður eigi tekið tillit til þess, er hann segir að hann geti búist við, að kaupendurnir heimti þennan afslátt síðar. Það verður því að fallast á það, að áfrýjandi er með undirréttardóminum dæmdur til að standa stefnda skil á áminstum 280 kr. 47 a.

Samkvæmt margnefndum samningi málsaðilanna voru umboðslaun eða sölulaun áfrýjanda ákveðin 8% fyrir vörur seldar á Íslandi, og 5% fyrir vörur seldar í Khöfn. Þess er getið að framan, að stefndi hafi hækkað söluaunin fyrir vörur, seldar hér á landi, upp í 10% eftir ósk áfrýjanda, og er þessi hækkun, 112 kr. 19 a., tekin til greina í undirréttardóminum, áfrýjanda í vil. En nú hefir áfrýjandi haldið því fram, að hann hafi með bréfi, dags. 14. maí 1904, tilkynnt stefnda, að hann vildi fá 10% fyrir allar vörupantanir, hvort sem þær væru gjörðar í Khöfn eða á Íslandi, og heimtaði hann þannig jöfn sölulaun (10%) hvort sem vörunar væru seldar í Khöfn beint frá vöruhúsum stefnda eða þær væru seldar á Íslandi. Þessi hækkun á sölulaununum nemur 138 kr. 05 a. fyrir vörur þær, er seldust í Khöfn fyrir milligöngu áfrýjanda árið 1904, og hefir áfrýjandi að vísu eigi tekið hana upp í reikning sinn, en telur að hann eigi heimting á henni, og að stefndi verði að álitast hafa samþykkt hana, úr því að hann eigi hafi svarað neinu bréfi sínu 14. maí 1904. En einmitt það, að stefndi hefir eigi gefið svar upp á greint bréf í sam-

bandi við það, að hann hefir tjáð sig fúsan til að hækka umboðslaunin hér á landi úr 8⁰/₀ upp í 10⁰/₀ og hefir gjört það, sýnir það ljóslega, að hann hefir eigi samþykkt þá breytingu á hinum upprunalega samningi málsaðilanna, að færa upp umboðslaunin eða sölulaunin fyrir vörur seldar erlendis úr 5⁰/₀ upp í 10⁰/₀. Það er því rétt, að bæjarþingsdómurinn hefir eigi veitt héraðlútandi kröfu áfryjanda áheyrn.

Nú hefir verið skýrt frá atriðum þeim í viðskiftum málsaðila, er þá greinir á um, og verður niðurstaðan sú eftir hinu framanritaða, að áfryjandi getur eigi komist hjá því að greiða stefnda skuldina, eins og hún er ákveðin í undirréttardómnum, 249 kr. 67 a., að frádregnum framangreindum flutningskostnaði 81 kr. 39 a., eða 168 kr. 28 a. með 5⁰/₀ vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags. Eftir þessum úrslitum málsins þykir rétt, að kostnaður þess fyrir báðum dómum falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfryjandi Chr. Fr. Nielsen verzlunarerindreki greiði stefnda málflytningsmanni Oddi Gíslasyni fyrir hönd stórkaupmanns Victor E. Juhl í Kaupmannahöfn 168 kr. 28 a. með 5⁰/₀ vöxtum frá sáttakærudegi 6. okt. f. á. til borgunardags. Málskostnaður falli niður.

Dómi þessum skal fullnægja áður en liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaadför.